

Nr. 19-106 S 068 Guðmundur Einarsson ÍS 155***Bilaður gír og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 2570
Útgerð: Jakob Valgeir ehf.
Smíðaður: Trefjar, 2003, trefjaplast.
Stærð: 14,5 bt. 10,88 brl.
Mesta lengd: 13,16 m Skráð lengd: 11,20 m
Breidd: 3,73 m Breidd: 1,45 m
Vél: Yanmar, 368,0 kW, 2013.
Fjöldi skipverja: 2



Guðmundur Einarsson ÍS©Grétar Sæþórsson

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 30. ágúst 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 11. júlí 2019 var Guðmundur Einarsson ÍS 155 á línuveiðum NA af Straumnesei. Veður: NA 7 – 8 m/s.

Á veiðum urðu skipverjar varir við smell frá gírnum við vélina og af öryggisástæðum óskuðu þeir eftir aðstoð. Þjörgunarskipið Gísli Jóns frá Ísafirði fór til móts við bátinn og dró hann til hafnar í Bolungarvík. Við skoðun á gírnum þegar í land var komið fannst engin bilun.

Þann 12. júlí fóru skipverjar í stutta veiðiferð og engin bilun kom fram í gírnum. En þann 13. júlí voru þeir um 30 sml á hafi úti og voru að byrja að leggja út línuna þegar bilun kom upp í honum.

Við rannsókn kom fram:

- að olúþrýstingurinn féll á gírnum og hann byrjaði að slúðra;
- að skipverjar komust í land á bátnum þann 13. júlí án aðstoðar. Þegar olúþrýstingurinn féll byrjaði gírinn að slúðra en eftir að hafa stöðvað vélina og gangsett hana á ný var kominn fullur olúþrýstingur. Þá var haldið áfram þar til olúþrýstingurinn féll aftur;
- að við skoðun á gírnum reyndist gírhúsið og smursían full af svarfi og gírinn brotinn;
- að skipt var um gírinn og settur við eins gír og fyrir var í bátnum.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.